



Reykjavík, 20. mars 2012

## ÚRSKURÐUR

Á fundi aganefndar KLÍ þriðjudaginn 13. mars 2012 var meðal annars fjallað um tilkynningu starfsmanns KLÍ dags. 7. mars 2011, að lið KFR-Lærlinga hefði ekki mætt til keppni í 4. umferð Deildarbikar liða sem fram fór þriðjudagskvöldið 6. mars 2012.

Í tilkynningu starfsmanns KLÍ kom fram að Björn G. Sigurðsson fyrirliði KFR-Lærlinga hafði samband og gaf upp þá ástæðu að einn leikmaður liðsins væri erlendis, annar hefði verið búinn að ráðstafa sér í annað og sá þriðji væri í banni. Sendur var tölvupóstur á Björn G. Sigurðsson fyrirliða KFR-Lærlinga þar sem honum var fyrir hönd liðsins gefið tækifæri til að koma frekari sjónarmiðum sínum á framfæri við nefndina og gefinn frestur til kl. 22:00 sunnudaginn 11. mars. Engar frekari svör bárust nefndinni.

Aganefnd tók málið fyrir á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga, þ.e. tilkynningar starfsmanns KLÍ með skýringum Björns.

Í 11. gr. reglugerðar um aganefnd er m.a. kveðið á um heimild aganefndar til þess að refsliði sem ekki mætir til leiks án þess að hafa fyrir því gilda ástæðu. Getur refsing í því sambandi verið brottrekstur úr keppni, stigatap, bann á alla leikmenn liðsins og/eða sektir. Á ákvæði þetta við um allar liðakeppni í A- og B mótum á vegum KLÍ. Það er hins vegar niðurstaða nefndarinnar að liðinu verði ekki gerð aukin refsing eins og ákvæði 11. gr. reglugerðar um aganefnd heimilar, þar sem fyrir hendi voru gildar ástæður fyrir því að liðið mætti ekki til leiks umrætt sinn að mati nefndarinnar, eins og rakið var að framan.

Í ljósi framangreinds og þar sem KFR-Lærlingar mættu ekki til leiks í 4. umferð Deildarbikars liða þriðjudagskvöldið 6. mars 2012, er það niðurstaða aganefndar að sekta KFR-Lærlinga um fjárhæð kr. 14.000 sem samsvarar tvöfaldri brautarleigu.

### Úrskurðarorð

KFR-Lærlingar greiði KLÍ sekt að fjárhæð kr. 14.000

Ólafur Páll Vignisson, formaður aganefndar  
Sigríður Klemensdóttir  
Bragi Már Bragason  
Ómar Kristjánsson